



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 4
101 Reykjavík

Dalabyggð 4. febrúar 2021
Mál.nr. 1912011

Byggðasafn Dalamanna – Skólahúsið á Staðarfelli

Undanfarna mánuði hefur Dalabyggð átt viðræður við fjármálaráðuneytið um að fá skólabýggingar á Staðarfelli undir starfsemi Byggðasafns Dalamanna. Til að ljúka þeim viðræðum og hefja starfsemi þurfum við samning eða staðfestingu á styrk menntamálaráðuneytisins vegna kaupa og endurbóta á skólahúsinu.

Lengi hefur legið fyrir að brýnt væri að finna framtíðarhúsnæði fyrir Byggðasafn Dalamanna. Núverandi húsnæði hentar á engan hátt starfsemi safnsins. Vegna yfirvofandi vatnstjóns úr lögnum og flóða vegna leysingavatns er óviðunandi áhætta varðandi varðveislu muna. Þá er annarri starfsemi safnsins settar þröngar skorður vegna óhentugs húsnæðis.

Sumarið 2019 var gerð úttekt á mögulegu húsnæði í héraðinu fyrir starfsemi safnsins. Niðurstaðan var að annað hvort var að byggja upp á Staðarfelli eða fara í nýbyggingu. Nýbygging sem uppfyllir kröfur er dýrari kostur og er utan fjárhagslegs bolmagns fámenns samfélags.

Skólabýggingarnar á Staðarfelli gætu hýst núverandi starfsemi safnsins, auk þess sem svigrúm er til þróunar- og jaðarstarfsemi við miðlun, fræðslu og fræðastörf. Staðarfall er mikill sögustaður, náttúran er fjölbreytt, margir möguleikar á útivist og gott útsýni yfir Breiðafjarðareyjrar. Samkvæmt áhættumati er óveruleg hættu á völdum ytri sem innri þátta. Við úttekt á skólahúsinu fundust engin merki um sagga, raka eða myglu. Safnaráði hefur verið sent áhættumat, en ekki hefur borist svar. Einn helsti kostur og jafnframt galli Staðarfells sem safnahúss er staðsetning utan alfararleiðar en benda má á að leiðin verður hluti nýs Vestfjarðarhrings.

Meðfylgjandi er lýsing á húsnæðinu, kostnaðar- og framkvæmdaáætlun vegna endurbóta á skólahúsinu. Inni í þessari áætlun er ekki flutningur á safnkosti né uppsetning sýninga.

Fjárfrekustu endurbæturnar eru vegna aðgengis hreyfihamlaðra, tæplega þriðja hver króna fer í þann hluta. Brunavarnarkerfi og aðrar brunavarnir eru um 10% af kostnaðaráætlun. Megnið af öðrum endurbótum flokkast undir eðlilegt viðhald á innviðum hússins og aðlögun að safnastarfi. Eina stærri breytingin vegna sýninga verður í risinu til að koma baðstofunni fyrir. Að öðru leiti verða sýningar og starfsemi aðlöguð að húsinu.

Heildarkostnaður er áætlaður 126 milljónir (100-150 milljónir miðað við 20% skekkjumörk). Í samræmi við fund fulltrúa Dalabyggðar með menntamálaráðuneytisinu 4. mars 2020 er framkvæmdahraði hafður heldur lengri en skemmri. Sum verkefni er auðveldara að vinna á lengri tíma, á meðan önnur þarf að framkvæma sem fyrst og/eða sem eina heild. Hins vegar er hætt við heldur hærri kostnaði með lengri framkvæmdatíma.

Gert er ráð fyrir því að hefja starfsemi sem fyrst í húsinu og bæta árlega við eftir því sem verkinu miðar áfram. Varðveisla menningararfsins er grunnstarfsemi Byggðasafns Dalamanna en safnið er vel sett af munum úr héraðinu, sem bjóða upp á fjölbreytta möguleika til rannsókna og miðlunar.

Ljóst er að Byggðasafn Dalamanna mun ekki skapa tekjur sem standa undir öllum rekstri og kröfum sem gerðar eru til viðurkennds minjasafns. Nauðsynlegt er að huga af fullri alvöru að framtíð safnsins til lengri tíma og sýna þannig munum safnsins og þeirri sögu sem þeir segja um forfeður okkar þá virðingu sem þeim ber. Til þess að tryggja framtíð og hlutverk byggðasafna til lengri tíma þarf aðstöðu og fjármagn.

Með þessu bréfi óskar Dalabyggð eftir því að sem fyrst geti legið fyrir hvaða fjárframlög Byggðasafn Dalamanna getur fengið til að koma aðstöðu upp á Staðarfelli.

Virðingarfyllst


Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggðar



Afrit: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Byggingar Húsmæðraskólans á Staðarfelli

Eigandi bygginga og lands er ríkisjóður. Heildarstærð bygginga er um 1.300 m². Skammt innan við skólabyggingarnar er Staðarfellskirkja, utan við eru byggingar ábúanda jarðarinnar.

Skólahúsið

Skólahúsið var upphaflega byggt 1912-1913 af Magnúsi Friðrikssyni og Soffíu Gestsdóttur sem íbúðarhús. Þá var húsið tvær hæðir og kjallari. Er þetta eitt af elstu steinsteiptum byggingum í Döllum. Vorið 1930 var húsið lengt um 9 metra og nær tvöfaldað í stærð. Árið 1948 var rishæðin byggð og stækkaði húsið við það um 100 m². Á árunum 1963-1966 fóru fram gagngerar endurbætur á skólahúsinu, gluggar endurnýjaðir með tvöföldu gleri, hurðir endurnýjaðar, settar svalir, herbergjaskipan breytt og ný viðbygging með snyrtiklefum og böðum.

Grunnflötur skólahússins er 186 m² og heildarflatarmál um 650 m². Húsið er á þremur hæðum og kjallari. Í húsinu eru 24 herbergi, eldhús, matsalur, þvottahús ofl. Útveggir eru steinsteiptir, einangraðir að innan og múraðir. Steinsteiptur burðarveggur er eftir endilöngu húsinu í kjallara og jarðhæð, þ.e. upp undir gólf annarrar hæðar. Öll milligólf eru úr timbri. Ekki er ljóst hvað er undir núverandi gólfefnum, né loftklæðningum. Þakrými er óeinangrað. Árið 1996 voru útveggir klæddir með steni klæðningu og skipt um glugga.

Skólahúsið er hitað með olíu. Möguleikar eru á að lækka kyndikostnað með varmadælum og jarðvarma. Eigin rafstöð er á staðnum ef þörf er á.

Kjallari

Gólfhlötur kjallara er um 870 cm x 1880 cm, alls 183,5 m². Lofthæð 190 cm og lægri í eldri hlutanum. Í kjallara er anddyri, gangur, straustofa, miðstöðvarherbergi, þvottahús, vefstofa, línherbergi, sturtur og geymslur.

Um helmingur af kjallara verði nýttur sem geymslur og hinn hlutinn undir fastasýningar tengdum grófara handverki, útiverkum ofl. Möguleikar eru á að fjarlægja vegg milli rýma 0.09/0.11/0.12 og fá þannig stærra samfellt sýningarrými.

Hugsanlega þarf að rífa loftklæðningar niður, nema þar sem verða geymslur. Framhaldið fer eftir því hvað er undir. Gólfefni eru alls staðar illa farin. Endurbæta þarf lýsingu með tilliti til nýtingar hvers rýmis og einstakra sýninga.

Salerni í viðbyggingu

Gólfhlötur viðbyggingar er 403 cm x 564 cm, alls 22,7 m². Snyrting á stigapalli eru 17,2 m² og kalt búr á jarðhæð 5,5 m².

Endurskipuleggja þarf salerni í viðbyggingu á milli hæða, gera salerni fyrir starfsfólk, ræstikompu og tryggja að lagnir séu í lagi. Salerni fyrir hreyfihamlaða verða á jarðhæð. Ekki er búið að kanna ástand lagna.

Jarðhæð

Gólfhlötur jarðhæðar er um 870 cm x 1880 cm, alls 183,5 m². Lofthæð er 270 cm. Á jarðhæð er aðalinnangangur, anddyri, stigagangur, eldhús, setustofa, borðstofa, prestastofa ofl.

Á jarðhæð er gert ráð fyrir veitingasölu, móttöku hópa, fundaaðstöðu, sýningum, salernum og öðru tilfallandi.

Sérstaklega þarf að gæta að brunavörnum í eldhúsi. Gólfefni í borðsal þarf að endurnýja innan skamms tíma. Skipta þarf um gluggakistur og mála allt rýmið.

Önnur hæð

Gólfhlötur jarðhæðar er um 870 cm x 1880 cm, alls 183,5 m². Lofthæð er 265 cm. Á annarri hæð var íbúð forstöðukonu, bókasafn, saumastofa, snyrting og 4 herbergi.

Önnur hæðin verður nýtt fyrir sýningar, bæði grunnsýningar og tímabundnar sérsýningar. Þá er reiknað með að skrifstofa safnvarðar verði á hæðinni og að hluta til geymslur. Endurbæta þarf lýsingu með tilliti til nýtingar hvers rýmis og einstakra sýninga.

Gólfefni eru víðast illa farin og þarf að endurnýja, loftklæðningar eru ósamstæðar og mála þarf öll rými. Fjarlægja þarf salerni á hæðinni.

Rishæð

Stærð gólfplatar er 1880 cm x 650 cm, alls um 122 m². Hæsta lofthæð er 255 cm og er allt rými undir súð nema á gangi. Á tímum húsmæðraskólans voru 9 heimavistarherbergi fyrir 20 nemendur, gestaherbergi og snyrtiherbergi í risinu. Herbergin voru múrhúðuð að innan.

Áætlanir gera ráð fyrir að baðstofu yrði komið fyrir í nýrri hlutanum. Til að ná nægjanlegri lofthæð þarf að taka niður alla milliveggi og loftklæðningar og einangra og klæða risið upp á nýtt. Grunnstýningar og geymslur yrðu síðan í eldri hlutanum.

Skorsteinn er á á ganginum og þrengir hann um gönguleið. Viljum halda skorsteininum sem hluta af sögu og mynd hússins og því þarf að opna milli herbergja og gera hjáleið fyrir hjólastóla.

Þarf að skipta um nær öll gólfefni, mála öll rými, fjarlægja þarf salerni endurhanna lýsingu með tilliti til nýtingar hvers rýmis og einstakra sýninga.

Lyftuhús

Byggt verði lyftuhús við vesturgafli hússins sem nýtist fyrir lyftu, sem neyðarútgangur og útsýnispallur. Helst úr gleri frá og með jarðhæð og uppúr með útsýni í austur og suður með útsýni yfir Skógarströnd og eyjar fyrir mynni Hvammsfjarðar.

Hjallur

Geymsluhúsnæði með kæligeymslu og þurrksvæði frá 1948, alls um 68 m². Frystiklefa var komið upp fyrir skólann 1956. Að frystiklefa undanskyldum er hjallurinn illa farinn, mest allt burðarvirki og járn á hjallinum er fúíð og þarf að endurnýja.

Hjallurinn er hluti af staðarímyndinni og því er í athugun er að byggja hann upp, óeinangraðan fyrir bát og hlunnindasýningu.

Rafstöðvarhús

Rafstöðvarhús (véla- og verkfærageymsla) er frá 1955, 48 m², með kyndiklefa fyrir olúkyndingu. Engar breytingar eru fyrirsjáanlegar umfram eðlilegt viðhald.

Íbúðarhús

Tvö íbúðarhús fylgja. Það eldra var byggt 1969 og er með þremur íbúðum alls 291 m², auk þess er kjallari undir því húsi. Það yngra var byggt 1971 og er með tveimur íbúðum alls 135 m².

Íbúðarhúsin þarfnast nokkurs viðhalds. Úttekt, lausnir og kostnaðargreining ekki verið gerð. Kjallari væntanlega notaður sem munageymslur.



Byggðasafn Dalamanna - Endurbætur á skólahúsinu á Staðarfelli
Kostnaðar- og framkvæmdaætlun 1.2.2021

Áætlun	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	Samtals
Aðgengi fatlaðra										
Lýftuhús og lyfta	26.500.000									26.500.000
Aðalinngangur	4.000.000	1.500.000	25.000.000							4.000.000
Salerni fatlaðra	4.200.000	4.200.000								4.200.000
Þróskuldar og hurðarop	1.600.000				500.000	500.000	100.000	500.000		1.600.000
Skorsteinn aðgengi	1.200.000								1.200.000	1.200.000
Brunavarnir										
Öryggiskerfi	5.500.000	5.500.000								5.500.000
Neyðarútgangur	800.000			800.000						800.000
Bætt brunahólfun	8.000.000	3.000.000		3.000.000					2.000.000	8.000.000
Brunavarnir	2.800.000	800.000					1.000.000		1.000.000	2.800.000
Kjallari										
Loft	4.000.000				3.000.000	1.000.000				4.000.000
Veggir	4.000.000				2.000.000	2.000.000				4.000.000
Gólf	2.300.000				1.300.000	1.000.000				2.300.000
Málun	900.000				450.000	450.000				900.000
Jarðhæð										
Gólf	4.000.000						4.000.000			4.000.000
Gluggakistur	1.500.000						1.500.000			1.500.000
Málun	1.800.000	300.000					1.500.000			1.800.000
Salerni í viðbyggingu	5.500.000					4.000.000	1.500.000			5.500.000
Önnur hæð										
Gólf	4.000.000				2.000.000				1.000.000	4.000.000
Loft	2.500.000									2.500.000
Málun	1.600.000				1.600.000					1.600.000
Fjarlægja salerni	2.500.000			2.500.000						2.500.000
Rishæð										
Opna upp í ris	7.000.000		7.000.000							7.000.000
Fjarlægja salerni	1.800.000							1.800.000		1.800.000
Gólf	4.000.000		2.000.000				500.000	1.500.000		4.000.000
Málun	1.500.000		750.000					750.000		1.500.000
Annað										
Varmadælur	4.500.000	1.500.000		1.500.000						4.500.000
Rafmagn yfirfara	5.000.000	500.000	500.000	500.000	500.000		500.000	500.000	1.000.000	5.000.000
Fráveitur og lagdir	6.000.000	1.500.000				500.000			4.000.000	6.000.000
Hjallur										
Niðurrif	500.000						500.000			500.000
Endurbýgging										
	6.500.000							6.500.000		6.500.000
Samtals	126.000.000	11.100.000	35.250.000	11.800.000	11.350.000	11.450.000	11.100.000	11.550.000	10.200.000	126.000.000